

Mál nr. 127/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. maí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
5. Bréf M dags. 20. maí 2025.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi er lögregluskýrsla dags. 1. maí 2024. Þar kemur fram að reiðhjólaslys hafi orðið á göngu- og hjólabrú sem liggur yfir Kringlumýrarbraut við Fossvog. Í skýrslunni er haft eftir M að hann verið að hjóla eftir brúnni þegar hann tók eftir manni á reiðhjóli, sem hafi hjólað á móti honum á brúnni. M hafi séð að X var ekki áttaður og hafi hann stefnt beint á M. M hafi reynt að beygja frá til að forða slysi en X hafi beygt í sömu átt þannig að þeir skulu saman. Í skýrslunni segir þá að X hafi verið illa áttaður á vettvangi. Eftir X er haft að hann sé með sykursýki eitt og hafi að líkindum fengið sykurfall. Hann sagðist þá ekki muna eftir atvikinu. Af skýrslunni og öðrum fyrirliggjandi gögnum má ráða að M og X hafi báðir orðið fyrir líkamstjóni við atvikið. Í bréfi lögreglu, dags. 4. desember 2024, kemur fram að X hafi, við síðari komu á lögreglustöð, lýst tildrögum slyssins svo að hann hafi séð M koma á móti sér á brúnni og hafi hann verið á talsverðum hraða. X hafi fyrst vikið til vinstri, en svo til hægri og hafi þeir rekist saman.

Í málskoti kemur fram að M geri kröfu um bætur vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar X hjá V. M byggir á því að slysið verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X sem hafi ekki sýnt af sér nægilega aðgæslu umrætt sinn. Byggi skaðabótaábyrgð X því á sakarreglunni, meginreglum skaðabótaréttar svo og umferðarlögum nr. 77/2019. Er m.a. sérstaklega vísað til þess að samkvæmt 1 mgr. 48. gr. umferðarlaga megi enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki sé hann svo á sig kominn, m.a. vegna veikinda, að hann sé ekki fær um örugga stjórn þess. Í lögregluskýrslu um atvikið komi fram að X hafi verið í sykurfalli og ekki munað eftir atvikinu. Komi þar einnig fram að stuttu fyrir slysið hafi blóðsykursmælir hans pípt til marks um það að hann væri orðinn svolítið lágur í blóðsykri. Hafi X engu að síður hjólað áfram og hafi það leitt til slyssins.

Í bréfi V til nefndarinnar er því mótmælt að X hafi farið í sykurfall í aðdraganda slyssins og sýni gögn úr blóðsykursmæli að blóðsykur hafi verið innan eðlilegra marka á þeim tíma sem slysið atvikaðist. Að sögn X hafi hann þá verið staddur hægra megin á brúnni þegar M birtist skyndilega á „hans hluta“ brúarinnar. Erfitt sé að sjá langt fram fyrir sig vegna beygju á brúnni. X hafi þá reynt að beygja frá M en það ekki tekist. Hafi X þá sennilega rotast við áreksturinn og það valdið því að hann var illa áttaður. Engin frekari gögn liggi þá fyrir varðandi afstöðu aðila í aðdraganda áreksturs og ekkert bendi til þess að X, frekar en M, eigi sök á honum. Sé ekki sýnt fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að í lögregluskýrslu, sem sé frumgagn í málinu, sé haft eftir X sjálfum að hann hafi að öllum líkindum fengið sykurfall. Hafi þá ekki verið lögð fram nein gögn er haggi þeirri staðhæfingu.

Meðfylgjandi viðbótarathugasemdum V er útskrift úr blóðsykursmæli X frá slysdegi.

Álit.

M krefst samkvæmt framansögðu bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar X hjá V vegna þess líkamstjóns er hann varð fyrir hinn 1. maí 2024. Ábyrgðartryggingarliður vátryggingarinnar tekur til þeirrar skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan sem einstakling. Það hvílir á tjónþola, þ.e. í þessu tilviki M, að sýna fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt.

Ekki verður séð að nein vitni hafi orðið að umræddu atviki og þá liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir nefndinni um aðstæður á slysstað, s.s. um nákvæma staðsetningu áreksturs M og X, hraða þeirra eða afstöðu í aðdraganda áreksturs. Fyrirliggjandi er útskrift úr blóðsykursmæli X. Þar kemur fram að mælirinn gefi frá sér viðvörunarhljóð fari blóðsykur niður fyrir 5.4. Af útskriftinni má ráða að blóðsykur X hafi farið niður fyrir þau mörk skömmu fyrir slysið sem skýrir þá væntanlega af hverju X heyrði „píp“ frá tækinu. Blóðsykurfall er hins vegar miðað við það þegar blóðsykurgildi fer niður fyrir 4 mmol/l. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að sykurgildi í blóði X hafi farið niður fyrir þau mörk á slysdegi og er því ekki sýnt fram á að hann hafi verið illa áttaður vegna blóðsykurfalls í aðdraganda slyssins.

Samkvæmt framansögðu hefur ekki verið sýnt fram á að X hafi ekki verið þannig á sig kominn að hann gæti stjórnað reiðhjóli með öruggum hætti, né að háttsemi hans í aðdraganda áreksturs hafi að öðru leyti verið slík að leiði til bótaábyrgðar. Hefur M því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna nægilega fram á að tjón hans sé að rekja til atvika sem X beri skaðabótaskyldu vegna. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir